

Miðvikudaginn 3. júní 1992.

Nr. 128/1990. **Pétur Gunnlaugsson**

(sjálfur)

gegn

Gluggasmiðjunni hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.),

Íslandsbanka hf.,

Landsbanka Íslands,

Sigurði Kristjánssyni og

protabúi Péturs Gunnlaugssonar.

Gjaldprotalög. Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1990 og krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Gluggasmiðjan hf. krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Aðrir stefndu gera ekki kröfur í málinu, og af þeirra hálfu var ekki sótt þing við munnlegan flutning málsins.

I.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp í skiptarétti Reykjavíkur 28. desember 1989 af Ragnari Halldóri Hall borgarfógeta. Úrskurðurinn er án forsendna, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Bú Péturs Gunnlaugssonar, kt. 060748-3659, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.“

II.

Hinn 29. maí 1989 var í fógetarétti Reykjavíkur reynt fjárnám hjá áfrýjanda að beiðni stefnda Gluggasmiðjunnar hf. til tryggingar skuld samkvæmt aðfararhæfri áskorunarstefnu, að fjárhæð 7.244 krónur. Fór fjárnámssgerðin fram að Efstaleiti 12 í Reykjavík að áfrýjanda viðstöddum. Lýsti hann yfir því við fógeta, að hann gæti ekki greitt skuldina og væri eignalaus, og var gerðinni lokið sem

árangurslausri. Á grundvelli þessarar aðfarargerðar krafðist stefndi Gluggasmiðjan hf. gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda með beiðni 6. júlí 1989 til skiptaréttar Reykjavíkur, og fylgdu aðrir stefndu í kjölfarið með skiptabeiðnum 10. júlí og 4. og 28. ágúst 1989. Nam höfuðstóll skulda áfrýjanda við beiðendurna samtals 590.437,20 krónum.

Með skiptastefnu, út gefinni 8. september 1989 af skiptaráðanda í Reykjavík, var áfrýjandi kvaddur til þess að mæta í skiptarétti Reykjavíkur 29. sama mánaðar, þegar kröfur umræddra beiðenda yrðu teknar þar til meðferðar. Mætti hann annars búast við, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta án frekari fyrirvara í samræmi við 5. mgr. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefna þessi var birt að Efstaleiti 12, þar sem móðir áfrýjanda átti heimili, og var hann einnig talinn eiga heimili þar. Birtinguna annaðist starfsmaður embættis yfirborgarfógeta, og fór hún fram 25. september fyrir móður áfrýjanda, sem falið var að afhenda honum stefnuna. Áfrýjandi mætti ekki til hins boðaða þinghalds í skiptaréttinum, og var málið tekið til úrskurðar að kröfu skiptabeiðenda. Var úrskurður um gjaldþrotaskipti kveðinn upp í öðru þinghaldi 28. desember 1989, svo sem fyrr greinir.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa fengið umrædda skiptastefnu í hendur og ekki fengið vitneskju um hinn áfrýjaða úrskurð fyrr en í marsmánuði 1990. Kveður hann móður sína hafa endursent stefnuna til embættis yfirborgarfógeta með ábyrgðarbréfi, sem póstlagt var 26. september 1989. Ekki er í ljós leitt, hvenær bréf þetta barst embættinu, og hefur það ekki verið lagt fram í málinu.

III.

Áfrýjandi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefndu hafi ekki næga lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþroti á búi sínu, þar sem hann hafi lýst yfir eignaleysi við fyrrgreint fjárnám og sýnt sé, að stefndu fái ekkert upp í kröfur sínar.

Í annan stað bendir áfrýjandi á, að ástæða sé til að draga í efa, að lögformlega rétt hafi verið að máli þessu staðið fyrir skiptarétti, þar sem skiptastefna hafi ekki verið birt fyrir sér, heldur móður sinni á heimili hennar, en hann hafi ekki átt lögheimili þar.

Í þriðja lagi skírskotar áfrýjandi til laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og nýrra laga um gjaldþrota-

skipti o.fl. nr. 21/1991, er taka gildi 1. júlí 1992. Höfuðrök að baki hinum nýju lögum séu, að ekki samrýmist stefnumörkun laga nr. 92/1989, að héraðsdómarar gegni þeim umsýslustörfum við gjaldþrotaskipti, sem þeir hafi með höndum samkvæmt gjaldþrotalögum nr. 6/1978.

Þessum málsástæðum áfrýjanda er öllum mótmælt af hálfu stefnda Gluggasmiðjunnar hf.

IV.

Áfrýjandi, sem er lögfræðingur og flutti mál sitt sjálfur, lýsti yfir því við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að lögheimili sitt í september 1989 hefði verið að Skólavörðustíg 18 í Reykjavík. Jafnframt gat hann þess, að hann hefði á þeim tíma verið fluttur þaðan búferlum og ekki átt fast heimilisfang, en dvalist töluvert utan Reykjavíkur og einnig m.a. á heimili systur sinnar. Í birtingarvottorði með skiptastefnu segir, að stefnan sé birt Kristínu Pétursson, móður áfrýjanda, á heimili þeirra.

Við áðurnefnda fjárnámsgerð að Efstaleiti 12 hittist áfrýjandi þar fyrir. Hann virðist ekki hafa fullnægt tilkynningarskyldu um aðsetursskipti undanfarin ár, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta. Á þjóðskrá er lögheimili áfrýjanda enn skráð að Skólavörðustíg 18 þrátt fyrir umræddan búferlaflutning. Í áfrýjunarstefnu máls þessa tilgreinir hann Efstaleiti 12 sem dvalarstað sinn. Telja verður, eins og á stóð, að birting skiptastefnu hafi fullnægt ákvæðum 18. gr. gjaldþrotalaga.

Um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda fer að gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Í c-lið 1. mgr. 13. gr. þeirra laga er skýrt tekið fram, að árangurslaus aðför veiti lögmætt tilefni til kröfu um gjaldþrotaskipti á búi gerðarþola. Telja verður með skírskotun til þessa lagaákvæðis og til 2., 3. og 5. mgr. 18. gr. laganna, að skilyrði hafi verið til uppkvaðningar hins áfrýjaða úrskurðar, sbr. 19. gr. laganna, og að málsmeðferð hafi verið lögmæt. Heimilt var, að úrskurðurinn væri án forsendna, sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda Gluggasmiðjunnar hf. málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefnda Gluggasmiðjunni hf. 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
